

40. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 5. 10. 2010.

Mættir: Ingvar Þóroddsson, Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Aldís Einarsdóttir, Valbjörg Fjólmundsdóttir og Andrea Waage formaður Foreldrafélags Glerárskóla.

Fundarefni

Síðasta fundi í fundargerð frestað.

Fundi hverfisnefndar er vera átti 13. sept. síðastliðinn var frestað þar til í dag 5. 10. 2010.

Hausthátíð 2010 í samvinnu við Foreldrafélag Glerárskóla.

Rætt var um hvernig til hafði tekist og hvað betur mætti fara á næstu hátíð. Sett voru niður á blað nokkur atriði sem verða rædd ítarlega fyrir næstu Hausthátíð á milli Hverfisnefndar og Foreldrafélags Glerárskóla.

Athugasemdir frá hverfisbúum.

Nýlega barst nefndinni tvær ábendingar/athugasemdir frá hverfisbúum sem hverfisnefnd vill koma á framfæri:

1. Hverfisbúa finnst lokunin á göngustíg frá Miðholti og vestur í átt að Hörgárbraut vera slæm og vill að opnað verði fyrir þá gönguleið aftur fyrir almenning.
2. Hverfisbúi vill benda á að innst í götunni Einholti er göngustígur meðfram íbúðarhúsum sem liggur að og meðfram rafveitustöð sem þar er. Nokkuð er um að almenningur nýtir þennan stíg til að bæði labba og hjóla og vill íbúi benda á að þar mætti setja eitt ljós t.d. á rafveitustöðina til að lýsa upp þetta svæði.

Er þessum athugasemdum hér með komið á framfæri við Stjórnsýslunefnd.

Hverfisnefnd óskar eftir fundi.

Nefndarmenn ræddu tilgang og árangur hverfisnefndarinnar frá því þeir komu inn í hana. Skiptar skoðanir voru um þessi mál og lýstu nefndarmenn yfir vonbrigðum þess að ekki var haldinn sameiginlegur fundur með öllum hverfisnefndum á Akureyri í vor eins og hefur verið gert áður. Fannst nefndarmönnum sem síðast fóru á þannig fund hann eingöngu vera til góðs. Ákveðið var að óska eftir fundi með nýrri Stjórnsýslunefnd til að fá ýmis svör sem brenna á nefndarmönnum.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 2. nóv. 2010 í Glerárskóla.

Ritað 5. október 2010
Brynja Sig.